



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 18/2015
varðandi verð og skilmála fyrir ADSL+ og SHDLS+ tengingar á
aðgangsléið 1

14. júlí 2015



EFNISYFIRLIT

Bls.

1. Inngangur	3
2. Beiðni Mílu um að hefja sölu á ADSL+ og SHDSL+ á aðgangsléið 1	3
3. Afstaða PFS	5



1. Inngangur

Ákvörðun þessi kemur í kjölfar beiðni Mílu ehf. (Míla) um samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) fyrir breytingu á viðmiðunartilboði félagsins um bitastraumsaðgang að því er varðar nýja þjónustu, þ.e. ADSL+ og SHDSL+ tengingar á aðgangsléið 1 (A1)¹.

Ákvörðunin byggir á ákvörðun PFS nr. 21/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir aðgang að heimtaugum (M4) og bitastraumi (M5), dags. 13. ágúst 2014.

Tillögur Mílu að verði og skilmálum fyrir ADSL+ og SHDSL+ tengingar á aðgangsléið 1 voru lagðar fram fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar þann 15. apríl 2015 og lauk samráðinu þann 15. maí sl. Athugasemdir bárust frá 365 miðlum hf. og voru þær sendar til Mílu til umsagnar. Samantekt þeirra athugasemda sem bárust ásamt afstöðu PFS má finna í fylgiskjali II.

Drög að ákvörðuninni, voru send ESA og öðrum eftirlitsstofnunum á EES-svæðinu til samráðs þann 11. júní sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Þann 10. júlí sl. barst álit ESA og fylgir það með í fylgiskjali III.

2. Beiðni Mílu um að hefja sölu á ADSL+ og SHDSL+ á aðgangsléið 1

Í bréfi Mílu til PFS, dags. 10. apríl 2015, óskaði fyrirtækið eftir því að hefja sölu á ADSL+ og SHDSL+ á aðgangsléið 1, frá og með 1. maí 2015.

Í svari PFS til Mílu, dags. 13. apríl 2015, hafnaði PFS beiðni Mílu um að hefja sölu á þessari þjónustu þann 1. maí 2015 með tilvísun í málsgrein nr. 891 í ákvörðun PFS nr. 21/2014, þar sem eftirfarandi kemur fram:

„PFS telur sérlega mikilvægt að Míla eigi ekki möguleika á að mismuna með óeðlilegum hætti á milli eigin deilda, smásöluarms Skiptasamstæðunnar (og annarra tengdra aðila) og ótengdra aðila varðandi nýjungar á markaði. Þar sem tengdir smásölumarkaðir eru í stöðugri þróun, þurfa ótengdir aðilar að hafa vissu fyrir því að viðeigandi heildsöluvörur séu tiltækar með fullnægjandi fyrirvara, svo þeir geti boðið fram nýja, endurbætta og ódýrari smásöluþjónustu (t.d. meiri hraða á internetaðgangi) á sama tíma og einingar Skiptasamstæðunnar eða aðrir tengdir aðilar. PFS leggur því þá kvöð á Mílu að ótengdum aðilum verði tilkynnt um útbreiðslu, uppbyggingu eða aðra þróun bitastraumskerfis félagsins (og tengdrar þjónustu og aðrar nýjungar sem máli skipta) með sama fyrirvara og öðrum einingum Skiptasamstæðunnar og öðrum tengdum aðilum. Skal sá fyrirvari ekki undir neinum kringumstæðum vera skemmri en 3 mánuðir.“

PFS benti Mílu á að ef fyrirtækið myndi senda út tilkynningu um að til stæði að veita þessa nýju þjónustu ásamt upplýsingum um verð fyrir þjónustuna þá gæti Míla hafið sölu 3 mánuðum eftir tilkynninguna.

¹Afhendingu bitastraumsins er í DSLAM eða jafngildum búnaði á þeim stað þar sem koparheimtaugar tengjast tengigrind símstöðvar og/eða tengigrind ljósleiðara í símstöð, götuskáp eða öðru tækjarými.



Í bréfi til PFS, dags. 13. apríl 2015, óskaði Míla eftir því að hefja sölu á ADSL+ og SHDSL+ á aðgangssleið 1 þann 15. júlí 2015. Með bréfi Mílu fylgdi viðauki 7C við Viðmiðunartilboð um bitastraumsaðgang: „ADSL+ og SHDSL+ á aðgangssleið 1“. Í viðaukanum koma fram verð og skilmálar fyrir þessa þjónustu. Í kjölfarið birti Míla á heimasíðu sinni tilkynningu um fyrirhugaða sölu á þessari nýju þjónustu.

Í bréfi Mílu, dags. 13. apríl 2015, kom eftirfarandi fram:

„Viðskiptavinir Mílu hafa óskað eftir að fá að kaupa ADSL+ og SDHSL+ á aðgangssleið 1. Í dag er þessi þjónusta aðeins í boði í aðgangssleið 3². [...]“³

Í vinnslu er kostnaðargreining á xDSL þjónustu Mílu og þar á meðal á ADSL+ og SHDSL+. Í ljósi þess að heildarferli gjaldskrárbreytingar er mjög tímafrekt þá óskar Míla eftir því að fá að selja þessa þjónustu í aðgangssleið 1 frá og með 15. júlí n.k. Í samræmi við ákvæði í 891. tölulíð ákvörðunar nr. 21/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum heimtauga (M4) og bitastraums (M5) verður þjónustan tilkynnt á vef Mílu með þriggja mánaða fyrirvara. Í umræddum tölulíð kemur eftirfarandi fram:

„PFS telur sérlega mikilvægt að Míla eigi ekki möguleika á að mismuna með óeðlilegum hætti á milli eigin deilda, smásöluarms Skiptasamstæðunnar (og annarra tengdra aðila) og ótengdra aðila varðandi nýjungar á markaði. Þar sem tengdir smásölumarkaðir eru í stöðugri þróun, þurfa ótengdir aðilar að hafa vissu fyrir því að viðeigandi heildsöluvörur séu tiltækar með fullnægjandi fyrirvara, svo þeir geti boðið fram nýja, endurbætta og ódýrari smásöluþjónustu (t.d. meiri hraða á internetaðgangi) á sama tíma og einingar Skiptasamstæðunnar eða aðrir tengdir aðilar. PFS leggur því þá kvöð á Mílu að ótengdum aðilum verði tilkynnt um útbreiðslu, uppbyggingu eða aðra þróun bitastraumskerfis félagsins (og tengdrar þjónustu og aðrar nýjungar sem máli skipta) með sama fyrirvara og öðrum einingum Skiptasamstæðunnar og öðrum tengdum aðilum. Skal sá fyrirvari ekki undir neinum kringumstæðum vera skemmri en 3 mánuðir.“

Vörurnar ADSL+ og SHDSL+ hafa verið í boði í nokkur ár en þó með inniföldum kostnaði vegna MPLS netsins. Míla lítur svo á að sala á þessum vörum í A1 sé þó ekki ný vara heldur sé um sömu vöru að ræða hvort sem um er að ræða A1 eða A3 [...].

Míla setur það skilyrði fyrir sölu á vörunni að verðið verði ekki til bráðabirgða [...]. Rétt er að taka fram að beiðni þessi kemur til eins og fram hefur komið, vegna óska frá viðskiptavinum en ekki að frumkvæði Mílu og því telur Míla mikilvægt að verð verði ekki ákvarðað til bráðabirgða.

Fari svo að PFS taki þá ákvörðun að verðið verði til bráðabirgða mun Míla draga til baka þessa vöru þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir um verð.

Verð fyrir A1 verður því sem hér segir:

² Afhending bitastraumsins er eftir flutning með ATM/IP á stofnlínuneti að tengipunkti annars fjarskiptafyrirtækis við síðarnefnda netið.

³ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.



	A3 verð	[...]	A1 verð
ADSL+			
2 Mb/s.....	3.016	[...]	2.416
4 Mb/s.....	3.680	[...]	2.868
8 Mb/s.....	4.562	[...]	3.440
14 Mb/s.....	4.672	[...]	3.550
SDHSL+			
2 Mb/s.....	4.671	[...]	3.978
4 Mb/s.....	7.114	[...]	6.134
5 Mb/s.....	7.614	[...]	6.272
10 Mb/s.....	11.200	[...]	9.651
15 Mb/s.....	13.487	[...]	11.590
20 Mb/s.....	16.701	[...]	14.510

[...]"

3. Afstaða PFS

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 21/2014 hvíla m.a. kvaðir á Mílu um gagnsæi og eftirlit með gjaldskrá fyrirtækisins fyrir breiðbandsaðgang um koparheimtaugar. Breytingar á gjaldskrá og viðmiðunartilboði Mílu er varða breiðbandsaðgang um koparheimtaugar eru því háðar samþykki PFS.

PFS hefur yfirfarið verðskrá Mílu fyrir ADSL+ og SHDSL+ á aðgangssleið 1 og gerir ekki athugasemd við verð Mílu. Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 21/2014 mun fara fram heildarendurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu á bitastraumsmarkaði á þessu ári. PFS sér ekki ástæðu til að fresta því að samþykkja verð Mílu fyrir ADSL+ og SHDSL+ á aðgangssleið 1 þar til ný heildsölugjaldskrá fyrir bitastraumþjónustu Mílu verður samþykkt í heild sinni.

Með þessari ákvörðun er fylgiskjal sem felur í sér nýjan viðauka 7C við viðmiðunartilboð Mílu um bitastraumsaðgang (fylgiskjal nr. I). Í viðaukanum koma fram verð og skilmálar Mílu fyrir ADSL+ og SHDSL+ tengingar á aðgangssleið 1.

Eins og fram kemur hér að framan þá ber Mílu að tilkynna aðilum á markaði um útbreiðslu, uppbyggingu eða aðra þróun bitastraumskerfis félagsins (og tengdrar þjónustu og aðrar nýjungar sem máli skipta) með 3 mánaða fyrirvara, í samræmi við ákvörðun PFS nr. 21/2014. Míla hefur birt tilkynningu um þessa nýju þjónustu á heimasíðu sinni.

Ný verðskrá og skilmálar Mílu ehf. fyrir ADSL+ og SHDSL+ á aðgangssleið 1 munu taka gildi eftir birtingu ákvörðunar PFS að loknu samráði við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) en þó ekki fyrir en 3 mánaða tilkynningafrestur Mílu er liðinn, þ.e. 15. júlí 2015.

**ÁKVÖRÐUNARORÐ**

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir verð og skilmála Mílu ehf. fyrir ADSL+ og SHDSL+ fyrirtækjatengingar á aðgangsléið 1, eins og þeir eru tilgreindir í fylgiskjali I með ákvörðun þessari.

Stofngjald hvernar ADSL+ og SHDSL+ tengingar á aðgangsléið 1 verður 3.166 kr. og mánaðargjöld verða eftirfarandi:

Aðgangsléið 1	
ADSL+	Mánaðargjald
2 Mb/s	2.416 kr.
4 Mb/s	2.868 kr.
8 Mb/s	3.440 kr.
14 Mb/s	3.550 kr.
SDHSL+	Mánaðargjald
2 Mb/s	3.978 kr.
4 Mb/s	6.134 kr.
5 Mb/s	6.272 kr.
10 Mb/s	9.651 kr.
15 Mb/s	11.590 kr.
20 Mb/s	14.510 kr.

Mílu er heimilt að bjóða ADSL+ og SHDSL+ tengingar á aðgangsléið 1 frá og með 15. júlí 2015.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 14. júlí 2015.

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Þórðarson

Fylgiskjal I: Viðauki 7C: ADSL+ & SHDSL+ aðgangsléið 1, eins og hann var birtur í innanlandssamráði.
Fylgiskjal II: Athugasemdir úr innanlandssamráði.
Fylgiskjal III: Álit ESA.